



Ungdómurinn

Íslamskir foreldrar sjá fyrst og fremst um að kenna börnum sínum siði og venjur íslams. Á hverjum sunnudegi er samt líka samverustund fyrir krakka í mosku þar sem fræðst er um trúna, sungið og leikið sér.

Í þeim löndum þar sem íslam eru ríkjandi trúarbrögð er Kóraninn kenndur í skólunum en í öðrum löndum býðst krökkum að fara í moskurnar utan skólatíma og læra þar Kóraninn. Mikil áhersla er lögð á að læra Kóraninn utanbókar og að bera virðingu fyrir hinum fullorðnu.



Moska er bæna- og samkomuhús múslima.

Að **fasta** er að borða ekki né drekka um einhvern ákveðinn tíma.

Þegar börn ná unglingsaldri er farið að gera sömu kröfur til þeirra og hinna fullorðnu hvað varðar trúarlegar skyldur. Auk þess aukast skyldur þeirra til að taka þátt í samfélagi fjölskyldunnar en engar ungdómsvígslur eiga sér stað meðal múslima. Börn eða unglingar byrja að taka þátt í föstunni þegar þau treysta sér til þess. Fyrst byrja þau að fasta í stutta stund í einu en svo smá saman eykst það eftir því sem þau eldast. Hins vegar eiga ung börn, barnshafandi konur og veikt fólk ekki að taka þátt í föstunni.

Spurningar

1. Hvað er gert í samverustundum í moskunni?
2. Hvar fer kennsla í Kóraninum fram í löndum þar sem íslam er ríkjandi átrúnaður? En í öðrum löndum?
3. Eru sérstakar ungdómsvígslur hjá múslimum?
4. Hvenær byrja islömsk ungmenni að taka þátt í föstunni?
5. Hverjir eiga ekki að taka þátt í föstunni?